



Dagsetning: 4. mars 2023
Málsnúmer: 2303034/5.0

Til félagsmálanefndar

MINNISBLAÐ

Breytingar á reglum um stuðningsþjónustu

Í júní 2022 var skipað í verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk sem byggir á stjórnarsáttmála ríkisstjórnar. Verkefnahópurinn var skipaður af tveimur ráðuneytum, þ.e. félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Aðgerðaráætlun hefur verið lögð fram til samþykktar á Alþingi og er til fjögurra ára. Áætluninni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skýra framtíðarsýn um þjónustu við eldra fólk, m.a. þannig að þjónusta sé samfelld og skv. þörfum. Sömuleiðis var árið 2022 gefin út skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

- <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/GottAdEldast.pdf>
- <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%20c3%20bdrsla%20starfsh%20c3%20b3ps%20um%20heildarendursko%20c3%20b0un%2038-2018.pdf>

Með ofangreint í huga hafa stjórnandi stoð- og stuðningsþjónustu, sviðsstjóri og starfsmenn úr fagteymum fjölskyldusviðs rýnt í reglur er varða stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð. Til hliðsjónar voru fyrst og fremst reglur Reykjavíkurborgar um stuðningþjónustu skv. ráðleggingum verkefnastjóra heildarendurskoðunar á þjónustu við eldra fólk ásamt fleiri reglum víðar um landið.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á núgildandi reglum Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu. Ástæða þykir til að skýra frekar; orðalag og uppröðun en einnig að uppfæra texta og matsviðmið um þjónustuna. Breyttar áherslur taka mið af þörf og heildarendurskoðun.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til:

Greinum sé endurraðað með uppbyggingu reglna Reykjavíkurborgar til hliðsjónar. Orðalagi breytt þannig að aukin áhersla sé á virkni þjónustuþega, viðhaldi á færni og getu. Þannig eru markmiðin gerð skýrari en í fyrri reglum s.s. með því að leiðbeina, styðja og aðstoða þjónustuþega að settu markmiði. Þjónustunotandi sé þátttakandi í þjónustunni sem veitt er. Meginmarkmið þjónustunnar sé sjálfstæði þjónustuþega, viðhald á færni og geta til að búa sem lengst heima.

Í reglunum verði matsviðmið um fjölskylduaðstæður gerð skýrari, s.s. ef að annar fullorðinn einstaklingur býr á heimilinu sem er fær um að annast s.s. heimilishald eða aðra þjónustu sem óskað er eftir er það metið við afgreiðslu máls.



Litið sé á heimilisþrif sem hluta af virkni sem má leiðbeina með og aðstoða við. Því sé áhersla aukin á að slík þjónusta fari fram með þátttöku notandans og hafi því félagslegt gildi einnig.

Upplýsingar séu uppfærðar m.v. núverandi fyrirkomulag, s.s. hvað varðar stjórn þjónustunnar, gjaldtöku og markmið.

Uppsetningu reglnanna verði breytt með það markmið að textinn sé skýrari og aðgengi að honum auðveldara fyrir þjónustunotendur og íbúa sbr. 4. - 7. grein. Markmiðið með breytingunum verði ekki síður að reglurnar séu skýrari fyrir starfsfólk sem eftir þeim vinnur.

Greinar séu sameinaðar og einfaldaðar. Þannig aukist gegnsæi og verkferlar gerðir skýrari við afgreiðslu umsókna.

Aukin áhersla sé lögð á nýtingu stafrænna og tæknilegra velferðartæknilausna auk rafrænna leiða í umsóknum og afgreiðslu mála í takt við tæknivæddara samfélag.

Með ofangreindum breytingum teljum við reglurnar verða skýrari og í takt við þá þjónustu sem lögð er til í ofangreindum gögnum og þróun þjónustunnar. Við teljum mikilvægt að verkferlar séu skýrari en þeir eru nú, s.s. skýrari reglur fyrir notendur og starfsfólk, að aukin áhersla sé á virkni fólks, sjálfstæði og tæknilausnir sem sömuleiðis er í átt að því sem lagt er til um í heildarendurskoðun í þjónustu við eldra fólk og skv. skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Virðingarfyllst

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir
Stjórnandi stoð- og stuðningsþjónustu

